



Matvælaráðuneyti
Skúlagata 4
101 Reykjavík
mar@mar.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 21. mars 2022

Efni: Umsögn um drög að greinargerð um áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla, mál nr. 49/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að greinargerð Matvælaráðuneytis (hér eftir „MAR“) um áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla, mál nr. 49/2022. Samtökin fagna þeirri fyrirætlan, sem fram kemur í greinargerðardrögunum, að leggja þingsályktunartillögu um matvælastefnu fyrir Alþingi. Samtökin taka ennfremur undir þær áherslur sem settar eru fram í greinargerðinni að meginþættir matvælastefnu framtíðarinnar eru að treysta fæðuöryggi, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra landnýtingu ásamt því að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Ljóst er að mikil tækifæri blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum og því er mikilvægt að stefnumörkun stjórnvalda endurspegli þessi tækifæri, allri virðiskeðju matvælaframleiðslunnar til hagsbótar og þjóðinni til heilla.

Samtökin benda á að krafan um sjálfbæra nýtingu auðlinda fer hratt vaxandi. Ekki er ásættanlegt að gengið sé á auðlindir með þeim hætti að komandi kynslóðir fái ekki notið þeirra með sambærilegum hætti og núlifandi kynslóðir. Tryggja þarf að umhverfi matvælaframleiðslu á Íslandi sé ómengað og að hreinleiki aðfanga sé tryggður. Jafnframt þurfa allir framleiðsluferlar að standast kröfur um öryggi. Þannig verða matvæli hér á landi hrein og örugg til neyslu. Íslenskur landbúnaður er þekktur fyrir hreinleika og sjálfbærni. Lega landsins og veðurfar valda því að notkun varnarefna í landbúnaði er lítil sem engin. Þá hefur einangrun búfjárstofna í för með sér að búfjárheilsa er hér með því besta sem þekktist og sýklalyfjanotkun hverfandi miðað við það sem víðast er.

Samtökin vilja benda á að árið 2018 sameinuðust íslenskir matvælaframleiðendur í stefnu um að verða framúrskarandi á heimsvísu með sérstakri áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, hreinleika, rekjanleika og öryggi að leiðarljósi. Sú stefna varð síðar einn af hornsteinum matvælastefnu stjórnvalda sem kynnt var í byrjun desember sl. Í þeirri stefnu framleiðenda var lögð áhersla á að gæðakerfi og innra eftirlit matvælafyrirtækja, jafnt innlendra framleiðenda sem innflutningsfyrirtækja, þurfi að sýna fram á að fyrirtækin starfi í samræmi við þessar áherslur. Í því samhengi var einnig lögð áhersla á að innflutt matvæli þurfi að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innlendra matvælafyrirtækja. Skorað var á íslensk stjórnvöld að styðja framgang þessara stefnumiða og sjá til þess að íslenskir neytendur og gestir landsins hafi ávallt aðgang að fjölbreyttum og heilnæmum úrvals matvælum. Telja samtökin mjög mikilvægt að enn sé haft framangreint að leiðarljósi í áframhaldandi vinnu við stefnumótun stjórnvalda á sviði matvæla.



Í greinargerðardrögum er einnig vikið að Ræktum Ísland!, umræðuskjal að landbúnaðarstefnu. Vilja Samtökin benda á mikilvægi þess að tryggja samkeppnishæfni íslenskra matvælaframleiðenda í alþjóðlegri samkeppni og að horft sé til þess að starfsumhverfi íslenskra matvælaframleiðenda sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt. Þar skiptir máli að gæta að því að opinberar álögur á framleiðendur séu hóflegar, eftirlit sé skilvirkt og þær reglur sem um starfsemina gilda séu einfaldar.

Að lokum þá fagna samtökin því að ráðherra hafi í hyggju að styrkja stoðir þeirrar matvælastefnu sem stjórnvöld hafa þegar lagt fram og auka þannig vægi hennar við mótun starfsumhverfis matvælaframleiðslu á Íslandi. Núgildandi matvælastefna byggir á breiðri samstöðu og samvinnu og gera Samtökin þá kröfu, og telja heillavænlegt, að sú aðferðarfræði verði áfram notuð og samsetning fyrirhugaðs starfshóps MAR, sem ætlað er að vinna að útfærslu matvælastefnunnar, taki mið af því.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Sigurðarson', is written over a horizontal line.

Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði